



Selfossi, 15. nóvember 2012
1202001SA ÞH

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/550
komudagur 15.11.2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu

Stjórn SASS og Menningarráð Suðurlands fagna nýrri tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu en leggja áherslu á að fjármagn fylgi fögrum orðum.

Umsagnir og spurningar okkar beinast að liðum sem snerta landsbyggðina, svo sem aðgengi að listum og menningu óháð búsetu og efnahag og áherslu á að efla menningu barna og ungmenna um allt land, en einnig að samstarfi og mati á menningarsamningum.

1. Leiðarljós stjórnvalda í málefnum lista og menningarstarfs.

- j. Stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á að efla menningu barna og ungmenna á landinu öllu og stuðla að því að þau séu virkir þátttakendur í menningarlífinu.

Stjórnvöld leggja áherslu á árangursríkt samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra á sviði menningarmála og hvetja til þess að aðilar taki höndum saman um einstök menningar-verkefni.

Menningarsamningar eru gerðir við landshlutasamtök um stuðning við menningarstarf á landsbyggðinni. Samstarf við Reykjavíkurborg, sem höfuðborg landsins er einkar mikilvægt.

Bedið er um nánari skilgreiningu á samstarfi við Reykjavíkurborg (bls. 2).

Menningarfulltrúar á landsbyggðinni hafa haft frumkvæði að því að heimsækja Þjóðmenningarstofnanir á höfuðborgarsvæðinu og reynt að koma þar á samstarfi.

Mjög kostnaðarsamt og erfitt er að fá sýningar og viðburði frá menningarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu út á land. Hverjar eru skyldur þjóðmenningarstofnana gagnvart landsbyggðinni? Þar má nefna t.d. safnakennslu, sýningarhald og tónleika. Hér er mikilvægt að þjóðmenningarstofnanir geri ráð fyrir fjármagni til þess að geta þjónað landsbyggðinni.

Stjórnvöld leggja áherslu á stafræna miðlun á ólíkum þáttum menningarlífsins. Menningarstofnanir nýti upplýsingartækni á markvissan hátt í starfi sínu, ekki síst miðlun menningararfs.

Menningarfulltrúar telja mikla möguleika felast í upplýsingatækni, stafrænni miðlun á listrænum viðburðum og ráðstefnum. Í dag er tækninni oft ábótavant og meiri fræðslu vantar til þess að efla færni einstaklinga sem sinna eiga slíku starfi.

Í athugasemdum við þingsályktunartillögu þessa segir



Hlutverk ríkisins í menningarmálum snýr einkum að því að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs auk þess að standa vörð um menningararfinn. Í því felst að mynda með lögum, stjórnvaldsaðgerðum og fjárveitingum þann ramma fyrir menningarlífið sem gerir því kleift að blómstra og hvetur til þátttöku landsmanna. (bls.5)

Til þess að svo megi verða þarf að huga betur að menntun á þessu sviði á landsbyggðinni. Athygli vekur að mikill munur er á milli einstakra listgreina á landsbyggðinni. Tónlistarskólar eru til dæmis algengir en aðrar skapandi listgreinar eiga mjög erfitt uppdráttar. Það vantar fjölbreyttari listaskóla á landsbyggðinni. (Nú þegar er til ítarleg markmiðssetning um listfræðslu og nýsköpun í kennslu í námskrá grunnskóla en efndir þurfa að fylgja orðum).

Það heyrir einnig til undantekninga að faglegar listsýningar eða kynningar á skapandi starfsemi fari út á land. en það er grunnurinn að því að þessir þættir í stefnu stjórnvalda geti átt við landsbyggðina (sjá bls. 6 efst).

Árangur og markmið

Væri ekki farsælast að samningar um árangursstjórnun stofnana og menningarsamninga verði metnir á sama hátt til að tryggja jafnræði. (sjá á bls. 3 og endurtekið efst á bls. 7)

Fyrir hönd stjórnar SASS og Menningarráðs Suðurlands

Þorvarður Hjaltason
Framkvæmdastjóri SASS

Dorothee Lubecki
menningarfulltrúi Suðurlands